

hvort færi hafi verið á öflun fóðurbætis í verzlunum á þeim tíma.

Þá skal áfrýjanda gefinn kostur á því að gefa skýrslu um það, hvernig fénaðurinn í Belgsholti var talinn fram til skatts veturinn 1947 og 1948.

Loks er æskilegt, að skýrslna sé aflað um öll atriði, sem efni verða til, og að þeir, er skýrslur gefa, verði samspurðir um þau atriði, sem þeim ber á milli um eða ástæða annars verður til að skýra frekar.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á því að afla ofangreindra skýrslna.

Miðvikudaginn 5. október 1949.

Kærumálið nr. 15/1949.

Karl Dúason

gegn

Jósep Blöndal, bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar f. h. kaupstaðarins, Haraldi Sölvasyni, Oddi Oddssyni, Jóni Pálssyni, Gestí Fanndal, Hólm Dýrfjörð, Páli Jónssyni, Þorvaldi Þorleifssyni, Steinunni Schram, Þórði Jónssyni, Karli Sigtryggssyni, Árna Magnússyni og Guðjóni Magnússyni.

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Úrskurður héraðsdóms, sem heimilaði vitni staðfestingu vættis síns, staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kærú 17. ágúst þ. á., er hingað barst 15. f. m., skotið til Hæstaréttar úrskurði merkjadóms Siglufjarðarkaupstaðar 11. ágúst sl., þar sem varnaraðilja Jósep Blöndal var heimilað að staðfesta fyrir dómi vætti sitt í máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljum. Gerir sóknaraðili þær dóm-

kröfur, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og varnaraðilja Jósep Blöndal synjað að staðfesta vitnisburð sinn með eiði eða drengskaparheiti. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Rök þykja eigi hafa verið færð að því, að varnaraðili Jósep Blöndal hafi fyrir merkjadóminum verið svo óstöðugur í framburði sínum, að synja beri honum staðfestingar vættis síns. Ber því að staðfesta úrskurð merkjadómsins.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðiljum kr. 200.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Karl Dúason, greiði varnaraðiljum, Jósep Blöndal, bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar f. h. kaupstaðarins, Haraldi Sölvasyni, Oddi Oddssyni, Jóni Pálsyni, Gesti Fanndal, Hólm Dýrfjörð, Páli Jónssyni, Þorvaldi Þorleifssyni, Steinunni Schram, Þórði Jónssyni, Karli Sigtryggssyni, Árna Magnússyni og Guðjóni Magnússyni, kr. 200.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður merkjadóms Siglufjarðar 11. ágúst 1949.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 26. f. m., hefur Karl Dúason, Hvanneyrarhlið hér í bænum, höfðað fyrir merkjadóminum með stefnu, út gefinni 17. maí 1949, gegn bæjarstjórn Siglufjarðar f. h. Siglufjarðarkaupstaðar og haft uppi þær dómkröfur, að ákveðið verði með dómi, að suðausturmörk leigulands hans séu þar, sem áður stóð nýja túngirðingin meðfram Bakkavegi norðvestanverðum í norðvesturbrún núverandi Hvanneyrarbrautar allt frá Hvanneyrará að girðingu norðan við land hans, þeirri er liggur þvert á Hvanneyrarbraut. Einnig krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu. Síðar í málinu hefur stefnandi gert þann fyrirvara, að hann geri ekki kröfu til lóðar Steingríms Bjarnasonar (nr. 59 við Hvanneyrarbraut), sem liggur vestan girðingar þeirrar, sem fyrr greinir.

Með framhaldsstefnu 12. júlí 1949 hefur stefnandi stefnt í mál þetta þeim Haraldi Sölvasyni, Hvanneyrarbraut 53, Gesti Fanndal, Suðurgötu

6, Hólm Dýrfjörð, Eyrargötu 10, Páli Jónssyni, Hvanneyrarbraut 52, Þorvaldi Þorleifssyni, Hvanneyrarbraut 57, Steinunni Schram, Grundargötu 17, Þórði Jónssyni, Aðalgötu 24, Karli Sigtryggssyni, Fossvegi 20, Árna Magnússyni, Fossvegi 22, og Guðjóni Magnússyni, s. st., öllum hér í bænum, og krafizt þess, að leigumálar bæjarstjórnar við þau um lóðir úr landi því, er stefnandi gerir kröfu til, verði dæmdir ógildir, svo og, að hin stefndu verði in solidum með hinni stefndu bæjarstjórn dæmd til að greiða sér að skaðlausu allan kostnað framhaldssakar þessarar og aukamáls.

Af hálfu aðalstefndu eru þessar dómkröfur gerðar: að suðausturmörk lands stefnanda verði talin þar, sem áður stóð „nýja túngirðingin“, en hana telur aðalstefnda hafa legið svo: Norðurtakmörk girðingarinnar voru við suðvesturhorn núverandi girðingar um land norðan hins umdeilda bletts eða nánar tiltekið í punkti 142 metra í beina línu austan hornsteins gömlu girðingarinnar í norðvesturhorni lands stefnanda og 88 metra frá núverandi vesturmörkum Hvanneyrarbrautar. Frá þessum punkti lá girðingin hér um bil samhliða Hvanneyrarbraut beint til suðurs, en 150 metrum sunnan fyrrgreindra norðurtakmarka girðingarinnar og 84 metrum vestan núverandi vesturbrúnar Hvanneyrarbrautar beygði girðingin til suðvesturs upp að Hvanneyrará neðan við hús stefnanda og endaði þar. Einnig krefst aðalstefnda málskostnaðar úr hendi stefnanda í aðalsök.

Af hálfu framhaldsstefndu og aukastefndu eru gerðar sömu kröfur, að því er merki varðar, en af hálfu aukastefndu er sérstaklega mótmælt kröfu stefnanda um ógilding leigusamninga, og enn fremur krefjast framhaldsstefnda og aukastefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda í framhaldssök og aukamáli.

Málavextir eru þeir, að með samningi, dags. 5. janúar 1931, leigði Bjarni Þorsteinsson, prestur í Siglufirði, stefnanda lóðarblett í fjallshlíðinni fyrir ofan Hvanneyri, norðan við ána, til hænsnageymslu og grasræktar. Í samningi þessum er mörkum lýst svo: „Að austan og suðaustan takmarkast bletturinn af nýju girðingunni um Hvanneyrartún, að sunnan af Hvanneyrará, að vestan af gömlu girðingarstæði í fjallshlíðinni, og er sú hlið lóðarinnar ca. 180 faðmar, mæld sunnan frá fossi norður að hornsteini gömlu girðingarinnar, að norðan bein lína þaðan austur að nýju girðingunni. Alls er bletturinn ca. 48 ha eða tæpar 15 dagsláttur“.

Enginn ágreiningur er með aðiljum um mörk lands stefnanda að sunnan, vestan og norðan. Hins vegar hefur stefnandi höfðað mál þetta til þess að fá viðurkennt með dómi, að girðing sú, er í samningnum skal vera mörk að austan og suðaustan, hafi verið norðvesturbrún Hvanneyrarbrautar, eins og hún er nú.

Meðal vitna þeirra, er komið hafa fyrir dóm í máli þessu, er Jósep Blöndal hér í bæ. Hann hefur undirritað vottorðið á dskj. nr. 11 og komið fyrir dóm 13. f. m., gengið á þrætulandið með dómendum og umboðsmönnum aðilja hinn 25. f. m. og komið á ný fyrir dóminn hinn 26. f. m. Er að því kom, að vitni þetta skyldi eiðfesta vætti sitt, mót-

mælti umboðsmaður stefnanda því, að vitninu yrði heimiluð eiðfesting, og taldi of mikils ósamræmis gæta í vætti vitnisins, til þess að eiðfesting mætti fram fara. Var atriðið síðan tekið til úrskurðar að kröfu umboðsmanns stefndu.

Dómendur hafa borið saman vottorð vitnisins og allt vætti þess, en eigi hefur þess orðið vart við þann samanburð, að vitnið hafi reynt óstöðugt í framburði sínum, og af hálfu stefnanda hefur eigi verið bent á neitt atriði þeirri staðhæfingu til stuðnings. Verður því eigi talið sýnt, að varhugavert geti verið að heimila vitni þessu að staðfesta skýrslu sína, og verður vitninu samkvæmt þessu heimiluð eiðfesting. Uppsaga úrskurðar þessa hefur dregið töluvert vegna óvenjulegra embættisanna formanns dómsins.

Því úrskurðast:

Vitninu Jósep Blöndal er heimilt að staðfesta fyrir dómi vætti sitt í máli þessu.

Mánudaginn 10. október 1949.

Nr. 50/1948. **Jón S. Guðmann** (Theodór B. Líndal)
 gegn
Þórði Gunnarssyni og gagnsök
 (Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
 í stað hrd. Jóns Asbjörnssonar.

Fébótamál vegna bifreiðarslyss.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. apríl 1948. Krefst hann þess, að fjárhæð sú, er gagnáfrýjanda var dæmd í héraði, verði færð niður eftir mati dómsins, málskostnaður í héraði felldur niður, en gagnáfrýjanda gert að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu af sinni hálfu með stefnu 11. maí 1948, krefst þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 30.172.89 með 5% árs-